

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

235. FUNDUR.

235. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 16. apríl 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Leó Örn Þorleifsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Stefán Einar Böðvarsson, Elín R. Líndal, Elín Jóna Rósinberg, Ragnar Smári Helgason, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Embættismenn:

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri og Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Oddviti setti fund.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundargerðir 123. og 124. fundu landbúnaðarráðs sem 5. dagskrárlið.. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 825. fundar frá 17. mars sl. Fundargerð í 7 liðum Bornar fram eftirfarandi tillögur við 5. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að hafna kostnaðarþátttöku vegna viðhalds samgirðinga milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða. Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill vekja athygli eigenda Þorgrímsstaða á því að vilji þeir ekki una framangreindri ákvörðun geti þeir skotið máli sínu til Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skv. 7. gr. girðingarlaganna nr. 135/2001.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum, Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu tillögunnar og óskar að bókað sé að hún telji rétt að leitað yrði samkomulags milli jarðeigenda. Stefán Böðvarsson og Ragnar Smári Helgason sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að hafna kostnaðarþátttöku í girðingum sem reistar voru milli sömu jarða á árunum 2007 og 2008.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill vekja athygli eigenda Þorgrímsstaða á því að vilji þeir ekki una framangreindri ákvörðun geti þeir skotið máli sínu til Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skv. 7. gr. girðingarlaganna nr. 135/2001.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu og umræður þessa liðar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 826. fundar frá 24. mars sl. Fundargerð í 9 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framkomna tillögu byggðarráðs um að fella niður seinkun heimferðar skólabifreiðar á leið 6 á mánudögum og frestun úttekta á fyrirkomulagi skólaaksturs þar til ákvörðun um framtíðarskipan skólamála

liggur fyrir.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 5. dagskrárlíð „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framkomna tillögu byggðarráðs um að fella úr gildi úthlutunarreglur um styrki vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Elín R. Líndal óskar eftir að bóka að hún telji að semja þurfi nýjar akstursreglur. Lögð fram eftirfarandi bókun við 7. dagskrárlíð „Sveitarstjórn Húnaþings vestra færir Sigrúnu Einarsdóttur, aðstoðarskólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra þakkir fyrir vel unnin störf í þágu fræðslumála í Húnaþingi vestra á liðnum árum.“ Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 827. fundar frá 31. mars sl. Fundargerð í 7 liðum Fram lögð eftirfarandi tillaga við 7. dagskrárlíð „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan þjónustusamning sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 2. dagskrárlíð „Lagt fram tölvupóstbréf Jónu Bjarkar Helgadóttur lögmanns sveitarfélagsins þar sem tilkynnt er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í máli Hlöðunnar ehf. gegn Húnaþingi vestra.

Í tölvupóstinum kemur fram að

"Í ljósi framangreindra upplýsinga og skýringa Húnaþings vestra telur Samkeppniseftirlitið að ekki hafi verið sýnt fram á það í málinu að með fyrirhuguðum samningi sveitarfélagsins við Gauksmýri felist styrkur eða niðurgreiðsla á fyrirhuguðum veitingahúsarekstri"

Þá kemur einnig fram í niðurstöðunni að Samkeppniseftirlitið hafnar einnig frekari rannsókn á málinu, með vísan til forgangsröðunar.

Þá telur lögmaðurinn að málinu sé í rauninni alveg lokið af hálfu Samkeppniseftirlitsins og ekki að vænta frekari afskipta þaðan að óbreyttu.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 828. fundar frá 7. apríl sl. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 145. fundar frá 26. mars sl. Fundargerð í 2 liðum 2. Liður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum..

3. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 148. fundar frá 25. mars sl. Fundargerð í 1 lið. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar fræðsluráði fyrir framkomna umsögn um skýrslu Haraldar Líndals Haraldssonar um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar jafnframt Skólaráði Grunnskóla Húnaþings vestra fyrir umsögn ráðsins um sama efni en fundargerð ráðsins þar sem umsögnin er veitt er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta frekari umræðu um framtíðarskipan skólamála til næsta reglulegs fundar sveitarstjórnar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 149. fundar frá 2. apríl sl. Fundargerð í 3 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs og skólastjóra grunnskóla að meta mögulega þátttöku Húnaþings vestra í Skólavoginni ásamt sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 233. fundar frá 6. mars sl. 6 liður sem frestað var á 232. fundi sveitarstjórnar. Borin fram eftirfarandi tillaga við 6. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fyrirhugaðar framkvæmdir við skógrækt á Torfastöðum í Húnaþingi vestra, sbr. bréf Norðurlandsskóga dags. 24. febrúar sl., séu ekki framkvæmdaleyfisskyldar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra felur skipulags- og umhverfisráði að móta tillögu um viðmiðanir hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar og skuli þess vegna vera framkvæmdaleyfisskyldar. Í þessu samhengi er m.a. vísað til tölvupóstbréfs Sesselju Árnadóttur hjá KPMG dags. 16. apríl 2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 234. fundar frá 3. apríl sl. Fundargerð í 8 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga við 6. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að beina þeirri fyrirspurn til skipulags- og umhverfisráðs hvort ráðið leggi til við sveitarstjórn að Hlöðunni ehf. verði veitt undanþága vegna umsóknar félagsins um útgáfu byggingarleyfis til breytingar á innra skipulagi fasteignarinnar að Hafnarbraut 3 á Hvammstanga þar sem umrædd fasteign er á þéttbýlisuppdrætti fyrir Hvammstanga skv. gildandi aðalskipulagi á svæði sem skilgreint er sem hafnar svæði? Í drögum að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er hins vegar gert ráð fyrir því að umrætt svæði verði skilgreint sem hafnar- og þjónustusvæði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

6. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 123. fundar landbúnaðarráðs frá 27. mars sl. Fundargerð í 4 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 124. fundar frá 15. apríl sl. Fundargerð í 3 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagt erindisbréf fyrir fjallskilastjórnir í Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. 2.

dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir

fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

6. Viðaukar við fjárhagsáætlun ársins 2014. Oddviti kynnti.

Viðauki 2

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, málaflokkur 04 hækkun rekstrargjalda um kr. 5.400.000 sem skiptist þannig: Deild 0411, laun og launatengd gjöld kr. 650.000, deild 04211, laun og launatengd gjöld kr. 750.000 og deild 0416 námsvist í leikskólum utan sveitarfélagsins kr. 4.000.000. Kostnaði verði mætt með lækkun á lið 2190, ófyrirséð. Viðaukinn hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu áætlunarinnar. Viðauki 2 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

Viðauki 3

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, hitaveita hækkun rekstrar um kr. 750.000, á deild 4771, sérfræðiþjónusta, og eignfærð fjárfesting hækkar um kr. 29,000.000 vegna lagningar hitaveitu yfir í Víðidal. Kostnaði kr. 29.750.000 verði mætt með lækkun á eigin fé. Viðauki 3 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Viðauki 4

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, málflokkur 02 hækkun rekstrarkostnaðar um kr. 3.000.000, sem skiptist þannig að útgjöld vegna málaflokka 029 málefni fatlaðra hækka um kr. 1.235.000 og tekjur málaflokks 0202 lækka um kr. 1.765.000. Breytingar þessar eru vegna breytingar á fjárhagsáætlun Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi, sem samþykkt var á fundi 29/1 2014. Kostnaði verði mætt með lækkun á eigin fé. Viðauki 4 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

Viðauki 5

Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, seld hlutabréfaeign Húnaþings vestra í Sorpsamlagi Strandasýslu ehf. að upphæð kr. 2.387.191 Viðauki 5 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

7. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2013. Síðari umræða.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2013.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun.

„Niðurstaða ársreiknings Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2013 er mjög ánægjuleg en afgangur frá rekstri samstæðu A- og B-hluta var samtals 105 millj. kr. samanborið við jákvæða afkomu ársins 2012 að fjárhæð kr. 51,2 millj. Frá því að reikningsskilum sveitarfélaga var breytt á árinu 2002 hefur aldrei náðst betri árangur í rekstri sveitarfélagsins en á árinu 2013 eins og niðurstaða samstæðu ársreikningsins staðfestir eða kr. 105 milljónir. Niðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um kr. 83,2 millj. en hafði verið áætluð neikvæð um 2,7 millj. kr. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er sem áður segir jákvæð um kr. 105 millj. en hafði verið áætluð jákvæð um 1,6 millj. kr. Rekstrarhagnaður A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er kr. 183,7 millj. Afskriftir námu alls kr. 43,6 millj. Fjármagnsgjöld umfram

fjármagnstekjur hjá A- og B hluta námu alls kr. 32 millj. Rekstrartekjur voru um 68 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert, útsvar er 14 millj. kr. hærri en í áætlun og aðrar tekjur kr. 54 millj. hærri. Rekstargjöld eru 27 millj. kr. lægri en áætlun ársins. Í því sambandi ber að þakka stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir aðhald í rekstri á árinu 2013. Segja má að reglur sem sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á árinu 2013 um innra eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins hafi þegar skilað árangri m.a. hvað varðar bættu fjármálastjórn og eftirlit með því að fjárhagsáætlunum sé fylgt.

Sé litið til niðurstöðu ársreiknings ársins 2013 hafa markmið sveitarstjórnar Húnaþings vestra um bættu fjármálastjórn náðst og má í því samhengi nefna að engin ný lán voru tekin á árinu 2013 og ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2014.

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2013 eru alls kr. 760 millj. og hafa þær lækkað frá árinu 2012 um kr. 58.4 millj. Lífeyrisskuldbindingar nema í árslok 2013 kr. 96,6 millj. langtímaskuldir kr. 518 millj. og skammtímaskuldir kr. 145 millj. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2013 nam kr. 825 millj. Handbært fé í árslok 2013 var kr. 187.4 millj. en var í upphafi árs kr. 118.5 millj. og hefur það aldrei verið hærra hjá Húnaþingi vestra. Fjárfestingar ársins 2013 voru kr. 28,8 millj. Hlutfall veltufjár frá rekstri samstæðunnar er 14,2% en viðmið sem gjarnan er haft til hliðsjónar er 10%.

Samkvæmt viðmiði Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hefur nefndin afskipti af þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall skulda og skuldbindinga af samanlögðum tekjum A- og B hluta er umfram 150%. Í Húnaþingi vestra er þetta hlutfall 64% skv. ársreikningi 2013 en var 76% á árinu 2012 og 84,8% á árinu 2011. Skuldahlutfall samstæðu A- og B-hluta í Húnaþingi vestra hefur aldrei verið lægra frá því að reikningsskilum sveitarfélaga var breytt árið 2002.

Þrátt fyrir glæsilega niðurstöðu ársreiknings Húnaþings vestra fyrir árið 2013 er ástæða til að vara við mögulegum áhrifum ytri þátta á framtíðarrekstur sveitarfélagsins. Þar skal sérstaklega nefna verðbólgu- og launaþróun og vaxtastig en þá þætti þarf sveitarstjórn m.a. að hafa í huga varðandi ákvarðanatöku um rekstur og fjárfestingar á næstu árum. Mikilvægast er að varðveita þann góða árangur sem náðst hefur í fjármálastjórn sveitarfélagsins á síðustu árum og forðast að stefna sveitarfélaginu á braut aukins rekstrarkostnaðar og skuldasöfnunar. Eftirsóknarverðara er að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélagsins enn frekar og leggja þannig grunn að aukinni getu þess til fjárfestinga og framkvæmda með hag íbúanna að leiðarljósi.

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 15. maí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.17:03

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason..

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari